

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf., kt. 650909-1270, Kringlunni 5, 103 Reykjavík („félagið“), hefur á grundvelli heimildar sem henni var veitt á aðalfundi félagsins þann 7. mars 2024 samþykkt svofellda:

KAUPRÉTTARÁÆTLUN

í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt („kaupréttaráætlunin“)

1 TILGANGUR OG MARKMIÐ

- 1.1 Tilgangur og markmið kaupréttaráætlunar þessarar er að samþætta hagsmuni starfsfólks við langtímamarkmið félagsins og dótturfélaga þess („samstæðan“).
- 1.2 Kaupréttaráætlun þessi er gerð í samræmi við starfskjarastefnu félagsins.
- 1.3 Starfsfólki félagsins gefst þannig kostur á að gera samning um ávinnslu kaupréttar á hlutabréfum í félaginu í samræmi við ákvæði kaupréttaráætlunar þessarar.

2 KAUPRÉTTARHAFAR

- 2.1 Allir fastráðnir starfsmenn samstæðunnar, með þeim undantekningum sem að neðan greinir, falla undir kaupréttaráætlun þessa og teljast kaupréttarhafar í skilningi hennar.
- 2.2 Réttur kaupréttarhafa samkvæmt kaupréttarsamningi, sem fellur undir kaupréttaráætlun þessa, skal vera sá sami fyrir alla starfsmenn samstæðunnar, óháð starfsaldri, starfsábyrgð eða hvaða launaflokki viðkomandi tilheyrir.
- 2.3 Við mat á því hvort starfsmaður sé fastráðinn skal einkum horft til þess að starfsmaður sé með ótímabundinn ráðningarsamning við félag innan samstæðunnar og hafi skuldbundið sig til þess að starfa fyrir viðkomandi félag gegn endurgjaldi.
- 2.4 Kaupréttaráætlun þessi nær ekki til verktaka sem starfa fyrir samstæðuna, starfsmanna sem hafa verið ráðnir til skamms tíma eða stjórnarmanna félagsins. Þá nær kaupréttaráætlunin ekki til þeirra starfsmanna samstæðunnar sem vegna laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða annarra reglna mega ekki eiga hlutabréf í félaginu eða stunda viðskipti með þau.
- 2.5 Starfsmenn sem ráðast til samstæðunnar í föst störf eftir innleiðingu kaupréttaráætlunar þessarar og úthlutun fyrstu kaupréttar á grundvelli hennar skulu öðlast kauprétt að því gefnu að gerður sé sérstakur kaupréttarsamningur við starfsmenn og gerð slíkra kaupréttarsamninga rúmist innan þeirrar heimildar sem stjórn hefur til að gera kaupréttarsamninga. Ávinningur slíkra kaupréttar skal hefjast frá og með næsta innlausnardegi, eins og hann er skilgreindur í gr. 4.1 að neðan, eftir að hið fasta ráðningarsamband hófst og þar til kaupréttaráætlun þessi rennur skeið sitt á enda eða þar til starfsmaðurinn lýkur störfum en þá gildir 4. og 5. gr. kaupréttaráætlunarinnar.

- 2.6 Félagið hyggst kynna kaupréttaráætlun þessa fyrir starfsmönnum samstæðunnar og verður slíkri kynningu fylgt eftir með tölvupósti.
- 2.7 Kaupréttarsamningar sem gerðir verða við starfsmenn á grundvelli kaupréttaráætlunar þessarar skulu vera skriflegir.

3 RÉTTINDI OG SKYLDUR

- 3.1 Hlutabréfum keyptum með kaupréttarsamningi á grundvelli þessarar kaupréttaráætlunar fylgja öll sömu réttindi og öðrum hlutabréfum í félaginu.
- 3.2 Réttindi samkvæmt kaupréttarsamningi, gerðum á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar, skulu fyrst innleysanleg tólf mánuðum eftir undirritunardag samningsins, samanber grein 4 að neðan.
- 3.3 Í kaupréttarsamningum, gerðum á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar, verður kveðið á um að kaupréttarhafi skuldbindi sig til að eiga keypta hluti í tvö ár hið skemmsta til þess að kaupréttarhafi geti nýtt skattalegar ívilnanir er felast í áætlun þessari, sbr. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sem og að kaupréttur sé ekki framseljanlegur og að óheimilt sé að veðsetja hann.

4 ÁVINNSLA OG NÝTING KAUPRÉTTAR

- 4.1 Kaupréttur hvers kaupréttarhafa ávinnst í þremur áföngum á þremur árum frá gerð kaupréttarsamnings á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar („ávinnslutímabil“):
 - Þann 18. september 2025 hefur kaupréttarhafi áunnið sér rétt til kaupa á hlutafé fyrir allt að kr. 1.500.000 og að lágmarki kr. 50.000.
 - Þann 18. september 2026 hefur kaupréttarhafi áunnið sér rétt til kaupa á hlutafé fyrir allt að kr. 1.500.000 og að lágmarki kr. 50.000.
 - Þann 18. september 2027 hefur kaupréttarhafi áunnið sér rétt til kaupa á hlutafé fyrir allt að kr. 1.500.000 og að lágmarki kr. 50.000.

Hver ofantalinna daga telst til innlausnardags.

- 4.2 Kaupréttarhafar skulu tilkynna um nýtingu kaupréttar hvers árs á tímabilinu sem afmarkast af tíu (10) viðskiptadögum frá því að næsta uppgjör félagsins sem birt í kauphöll vegna þess ársfjórðungs sem lok viðkomandi ávinnslutímabils á sér stað. Stjórn félagsins skal þá í framhaldi tilkynningar afhenda hlutafé, annað tveggja, með útgáfu nýs hlutafjár eða afhendingar á eigin hlutum, gegn greiðslu kaupverðs.

5 GILDISTÍMI KAUPRÉTTAR

- 5.1 Ávinnsla kaupréttar samkvæmt kaupréttarsamningi er bundin því skilyrði að kaupréttarhafi starfi fyrir félag innan samstæðunnar. Kaupréttur tekur gildi við undirritun kaupréttarsamnings í samræmi við kaupréttaráætlun þessa og gildir þar til hann fellur niður

á síðasta degi þar sem kaupréttarhafa er heimilt að tilkynna um nýtingu kaupréttar eða samkvæmt neðangreindu.

- 5.2 Nú starfar kaupréttarhafi ekki lengur fyrir félag innan samstæðunnar og fellur þá kaupréttur hans niður, samanber þó gr. 5.3. Stjórn er heimilt að víkja frá þessari reglu starfsmanni í hag hafi starfsmaður ekki brotið af sér í starfi.
- 5.3 Beri starfslok kaupréttarhafa að vegna aldurs, andláts hans eða vegna þess að hann verður óvinnufær sökum heilsubrests skal kaupréttarhafi, eða dánarbú hans eftir því sem við á, þó hafa hlutfallslegan áunninn kauprétt, miðað við lok þess mánaðar sem starfslok báru að. Um rétt til að nýta kaupréttinn fer samkvæmt gr. 4.2.

6 KAUPVERÐ

- 6.1 Hlutir í félaginu hafa verið teknir til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Kaupverð hluta samkvæmt kaupréttarsamningum sem gerðir eru á grundvelli kaupréttaráætlunar þessarar skal ákvarðað í samræmi við vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tíu (10) heila viðskiptadaga fyrir undirritunardag viðkomandi kaupréttarsamnings, samanber 4. tölul. 10. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.
- 6.2 Nýti kaupréttarhafi kauprétt sinn skal hlutafé staðgreitt.

7 HÁMARK KAUPA

- 7.1 Hámarksupphæð sem hver kaupréttarhafi getur keypt hluti fyrir á grundvelli kaupréttaráætlunar þessarar er kr. 1.500.000, á ári, samanber ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Óheimilt er að safna upp eða fresta innlausn áunnins kaupréttar og fellur óinnleystur kaupréttur niður.

8 EIGNARHALDSTÍMI HLUTABRÉFA

- 8.1 Kaupréttarhöfum er ekki skylt að eiga keypta hluti samkvæmt kaupréttarsamningi, gerðum á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar, í ákveðinn tíma en í kaupréttarsamningi skal vera ábending um lögbundið skilyrði 5. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt um tveggja ára lágmarks eignarhaldstíma frá nýtingu kaupréttar. Ef skilyrði ákvæðisins eru ekki uppfyllt telst mismunur kaupverðs samkvæmt kaupréttarsamningi og markaðsverð við innlausn til skattskyldra tekna sem launatekjur.

9 HEIMILD TIL NIÐURFELLINGAR KAUPRÉTTARÁÆTLUNAR

- 9.1 Stjórn félagsins er heimilt að fella kaupréttaráætlun þessa niður í heild í eftirfarandi tilvikum:
 - a) við samruna félagsins við féлага utan samstæðunnar;
 - b) komi til þess að verulegur hluti félagsins eða samstæðunnar verði seldur;
 - c) komi til endurskipulagningar fjárhags, afturköllunar starfsleyfis, greiðslustöðvunar, slita eða ef nauðasamningur er staðfestur;

d) ef fyrir séð er að félagið uppfylli ekki eða sé líklegt til þess að uppfylla ekki gjaldþolskröfu, samanber XVI. kafla laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi, eða kröfur um lágmarksfjármagn, samanber XVII. kafla sömu laga; eða

e) í öðrum tilfellum, mæli ríkar ástæður með því.

9.2 Taki stjórn ákvörðun um niðurfellingu kaupréttaráætlunar þessarar falla niður öll réttindi og skyldur sem af kaupréttaráætluninni má leiða án þess að sú ákvörðun leiði til bótaábyrgðar fyrir félagið.

10 SKATTALEGAR AFLEIÐINGAR

10.1 Kaupréttarsamningar skulu innihalda ákvæði sem fjallar um skattalegar afleiðingar þess ef starfsmaður selur keypta hluti í félaginu án þess að skilyrði 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt séu uppfyllt. Félagið ber enga ábyrgð á skattalegum afleiðingum þess sem nýting kaupréttarhafa á kauprétti eða hvers kyns ráðstafanir á kaupréttinum eða hinum keyptu hlutum, kann að hafa í för með sér.

11 STAÐFESTING SKATTSINS

11.1 Kaupréttaráætlun þessi hefur verið staðfest af Skattinum í samræmi við 8. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

12 FYRIRVARI UM ÚTGÁFU EÐA KAUP Á HLUTABRÉFUM

12.1 Kaupréttaráætlunin, kaupréttarsamningar gerðir á grundvelli hennar og skuldbindingar félagsins gagnvart kaupréttarhöfum eru ávallt bundnar skilyrði um að félagið geti afhent hlutafé til að efna samninga, annað tveggja með útgáfu nýrra hluta eða afhendingu eigin hluta.

13 SAMÞYKKT KAUPRÉTTARÁÆTLUNAR

13.1 Stjórn félagsins samþykkti kaupréttaráætlun þessa á stjórnarfundi þann 13. maí 2024 og því til staðfestu ritar stjórnarformaður undir kaupréttaráætlunina með rafrænni undirritun fyrir hönd stjórnar.

Rafræn undirritun
Björgólfur Jóhannsson,
stjórnarformaður